

Aðalfundur Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands

11. sept. 2013.

Fundargerð

Formaður setti fund. Embættismenn fundarins voru kosnir Ægir Pétur Ellertsson fundarstjóri og ritari Lárus Bragason.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi félagsins 3. október 2012 var stjórn þess endurkjörin, með einni breytingu þó, Kjartan Ólason var kosinn varamaður í stað Kristínar Runólfsdóttur, og stjórnin var því skipuð eftirtöldum liðið starfsár:

Gylfi Þorkelsson, formaður.

Eyrún Björg Magnúsdóttir, ritari.

Þórey Hilmarsdóttir, gjaldkeri.

Vera Ósk Valgarðsdóttir, meðstjórnandi.

Ægir Pétur Ellertsson, varamaður.

Kjartan Ólason, varamaður.

Í önnur trúnaðarstörf var kosið sem hér segir:

Skoðunarmenn reikninga: Ólafur Bjarnason og Ægir Sigurðsson

Trúnaðarmenn: Vera Ósk Valgarðsdóttir og Guðmundur Björgvin Gylfason

Samstarfsnefnd: Guðmundur Björgvin Gylfason, Kristjana Hrund Bárðardóttir, Ægir Sigurðsson, Helgi Hermannsson, Þórey Hilmarsdóttir.

Fagráð: Kristín Runólfsdóttir, Ester Ýr Jónsdóttir, Álfhildur Eiríksdóttir.

Fulltrúi á fulltrúafund FF: Gylfi Þorkelsson.

Aðalfundur 2012 samþykkti þrjár ályktanir, um niðurskurð og starfsaðstæður kennara, um viðbótarstörf sem rúmist ekki innan dagvinnutíma og um að greiða þurfi sérstaklega og semja um vinnu vegna innleiðingar nýrra framhaldsskólalaga. Allar ályktanirnar voru samþykktar samhljóða, og eru aðgengilegar í fundargerð aðalfundar til upprifjunar, á H/starfsfolk/kennarafelag/Aðalfundir.

Fyrsta verk stjórnar var að senda þessar ályktanir skólastjórnendum FSu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og til birtingar á vef KÍ, sem og á Facebook-síðum Félags framhaldsskólakennara og Nýrrar sýnar-Grasrótarhópi framhaldsskólakennara. Efni þeirra varð grunnur að áherslum fulltrúa kennara í samstarfsnefnd.

Stjórn fundaði 24. október og skipti með sér verkum. Þann fund sátu einnig samstarfsnefndarfulltrúar, og varð það aðalvenja á starfsárinu að þessir tveir hópar sætu saman á fundum. Hörður Ásgeirsson, fráfaramandi samstarfsnefndar, fór yfir ýmis atriði varðandi starf nefndarinnar og áréttaði skilning á mikilvægum ákvæðum stofnanasamnings og kjarasamnings fyrir nýja fulltrúa.

Þann 29. október sótti formaður félagsins kynningarfund stjórnar og samninganefndar FF á nýundirrituðu samkomulagi við ríkisvaldið. Minnispointar undirritaðs frá fundinum eru aðgengilegir á svæði kennarafélagsins á H-drifi skólans. Rifjað skal upp að formaður FF hafði þetta að segja um samkomulagið: „Þetta var það sem við náðum (2+1%). Það er meira en ekkert (2+1 >0). Sumir myndu á móti segja að þetta væri bara ekki neitt“. Miklar og heitar umræður urðu meðal fundarmanna um samkomulagið og var þetta sennilega skemmtilegasti fundur sem undirritaður hefur sótt f.h. félagsins, jafnvel þó ekkert væri slegist og engum væri hóttað barsmíðum úti undir vegg. Atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um samkomulagið fór fram dagana 5.-12. nóvember. Niðurstaðan var afgerandi – það var kolfellt.

Í kjölfar afdrifa þess samkomulags, sem stjórn FF og samninganefnd höfðu skrifað undir fyrir sitt leyti, varð til óformlegur „þrýtsihópur“ sem safnaði undirskriftum meðal félagsmanna í FF með kröfu um að stjórn FF héldi opinn félagsfund, til að ræða samningamál, stöðu stjórnar og starf FF almennt. Undirritaður sótti í desember fund í Rvk. vegna þessa, ásamt Helgu Helenu Sturlaugsdóttur, Baldri J. Baldurssyni og Guðjóni Jónassyni, með stjórn FF til að ræða þessi mál. Opinn félagsfundur var svo haldinn í Flensborgarskólanum í janúar 2013 og var varpað með fjarfundabúnaði austur, vestur og norður á land. Stór hópur félagsmanna FF í FSu sótti fundinn. Stjórn og samstarfsnefnd KFSu funduðu 30. janúar og sendu frá sér ályktun um Flensborgarfundinn.

Á kennarafundi í byrjun febrúar kom fram að um 20 milljóna afgangur væri af rekstri skólans, sem yrði notaður í innleiðingavinnu. Stjórn KFSu og fulltrúar kennara í samstarfsnefnd funduðu þann 14. febrúar og samþykktu ályktun þar sem ítrekað var að rekstrarafgangur hefði fengist með gríðarlegum niðurskurði sem leitt hefði til aukins álags á kennara, nemendur og starfsfólk, og að hann bæri að nýta til að leiðrétta niðurskurðaraðgerðir og koma vinnuaðstæðum, t.d. hópastærðum, í viðunandi horf. Ályktunin var kynnt stjórnendum á samstarfsnefndarfundum og síðan send félagsmönnum í tölvupósti. Ályktunin fékk ekki góðar undirtektir frá skólameistara, en varð grundvöllur umræðna í samstarfsnefnd í framhaldinu.

Þann 4. mars kom stjórn FF og fulltrúi úr samninganefnd félagsins í FSu til fundar með samstarfsnefndar- og stjórnarfólki úr FSu, ML og Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum, þar sem farið var yfir þær áherslur sem stjórn FF leggur í kjarabaráttunni í kjölfar niðurstöðu

atkvæðagreiðslunnar í nóvember. Í fundarboði frá FF segir um tilgang þessara funda að leitað sé samstöðu um:

...að forystufólk allra félagsdeilda krefjist nú þegar endurskoðunar á launasetningu starfa félagsmanna í stofnanasamningum skólanna, mats á menntun og reynslu og viðbótarstörfum.

...að möguleg brot á kjarasamningum verði rædd á félagsdeildafundum í öllum skólum og þau stoppuð en töluvert ber á tilraunum til að undirbjóða kjarasamninga.

Tilgangur aðgerða er að þjappa félagsfólki saman, undirstrika vægi félagsdeilda, þýðingu samstarfsnefnda og gildi stofnanasamninga, þar sem launaröðun starfa er ákveðin.

Enn var haldinn stjórnarfundur í KFSu þann 11. mars, nú til að undirbúa almennan félagsfund tveimur dögum seinna, þann 13. mars. Félagfundurinn var fjölmennur og samþykkti samhljóða áskorun til skólastjórnenda um kjaramál, í svipuðum anda og stjórn og samstarfsnefnd höfðu áður gert.

Árlegur fulltrúafundur FF var haldinn 12. apríl og sótti undirritaður hann fyrir hönd KFSu. Á fundinum var, auk hefðbundinna dagskrárliða, rætt um málefni Vísindasjóðs. Lögfræðingur sjóðsins skýrði sjónarmið sjóðsstjórnar og að sumu leyti má segja að meiri sáttatónn hafi einkennt umræður um sjóðinn en oft áður. Þá var kynnt könnun sem nefnd FF um stöðu félagsins innan KÍ var að undirbúa að gera meðal félagsmanna. Haldin voru að auki erindi um kjaramál, samninga og stöðu framhaldsskólans. Undirritaður hefur fjallað ítarlega um efni þessa fundar á bloggsíðu sinni, gangleri.is og eru fundarmenn hvattir til að kynna sér þau skrif, ef þeir eru ekki búnir að því nú þegar. Formaður KFSu og trúnaðarmaður sáum um framkvæmd könnunar „Stöðunefndar FF“ meðal félagsmanna í FSu.

Að lokum fundaði stjórn þann 29. ágúst sl. þar sem meginefnið var að undirbúa aðalfund 2013.

Þó ekki hafi verið haldnir nema 4-5 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu hefur fundasetta verið ærin, sem og snúningar, tölvupóstsendingar, samning ályktana, óformlegir fundir og samskipti ýmiskonar, og allt hefur það tekið sinn tíma. Fyrir hönd stjórnar er félögum þakkað fyrir snöfurmennlegar undirtektir við erindum, þátttöku í fundum og stuðning af ýmsu tagi. Það er ómetanlegt hverjum að eiga bróður að baki.

Framundan er harður vetur. Nú reynir á samstöðuna og viljastyrkinn. Nýrri stjórn, sem kosin verður á eftir, óska ég farsældar og ítreka að hún þarf á áframhaldandi stuðningi félagsmanna að halda í baráttunni.

F.h. stjórnar KFSu.

Gylfi Þorkelsson, formaður

Umræður um skýrslu: Enginn tók til máls og var hún samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningar félagsins

Þórey Hilmarsdóttir skýrði út ársreikninga félagsins. Þeir voru samþykktir.

3. Lagabreytingar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga að lagabreytingum:

„Aðalfundur Kennarafélags FSu. 2013 samþykkir að breyta 9. grein laga félagsins, og hljómi hún svo:

Ritari félagsins ritar fundargerðir stjórnar í tölvu. Skulu þær samþykktar á stjórnarfundi. Fundargerðir stjórnarfundar og aðalfundar skulu varðveittar með rafrænum hætti og vera félagsmönnum aðgengilegar á Netinu.“

Tillagan var samþykkt.

4. Kosningar til stjórnar og annarra embætta:

- a. Einn trúnaðarmaður til tveggja ára: Vera Ósk valgarðsdóttir
- b. Fjórir stjórnarmenn til eins árs: Eyrún Björg Magnúsdóttir, Gylfi Þorkelsson, Vera Ósk Valgarðsdóttir og Þórey Hilmarsdóttir.
- c. Tveir varamenn í stjórn til eins árs: Ægir Pétur Ellertsson, Kjartan Ólason
- d. Fimm fulltrúar í Samstarfsnefnd til eins árs: Guðmundur Björgvin Gylfason, Ægir Sigurðsson, Helgi Hermannson, Kristjana Hrund Bárðardóttir, Sverrir Geir Ingibjartsson
- e. Þrjú fulltrúar í Fagrað til eins árs: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Málfríður Garðarsdóttir, Álfhildur Eiríksdóttir.
- f. Skoðunarmenn reikninga: Ólafur Bjarnason, Ægir Sigurðsson
- g. Fulltrúi á fulltrúafund FF: Gylfi Þorkelsson.
- h. Fulltrúar á aðalfund FF 2014: Gylfi Þorkelsson, Guðmundur Björgvin Gylfason.
- i. Fulltrúar á þing KÍ 2014: Gylfi Þorkelsson, Guðmundur Björgvin Gylfason.

5. Starfsáætlun næsta árs

Formaður félagsins ræddi málefni komandi starfsárs. Þar verða kjaramálin í brennidepli og hvatti hann félagsmenn til þess að standa saman í þeirri erfiðu baráttu sem framundan er.

6. Önnur mál

- a) Guðmundur Björgvin kynnti samkomulag, sem samþykkt hefur verið í Samstarfsnefnd, til hækkunar launa vegna námskeiða og endurmenntunar.
- b) Gunnþórunn Klara færði Paulu veglega gjöf í tilefni af stórafmæli hennar.
- c) Þórey minnti á A-deild Vísindasjóðs FF/FS. Umsóknir í sjóðinn þurfa að berast fyrir 15. nóvember svo öruggt sé að þær fái afgreiðslu.
- d) Gylfi Þorkels. flutti lokaorð er einkum fjalla um baráttu þá er framundan er og sleit fundi.

Fundi slitið kl 12.17

Lárus Bragason